



Minnisblað - 2003004

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Sameining sveitarfélaga – skoðun og valkostagreining*

Dags.: 3.3.2020

Alþingi samþykkti þann 29. janúar sl. þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023. Eitt af þeim markmiðum sem koma fram í ályktuninni er að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi. Undir því markmiði er settur sá mælikvarði að ekkert sveitarfélag hafi færri en 1000 íbúa.

Í aðgerðaráætlun (sem er hluti af þingsályktuninni) kemur eftirfarandi fram:

„Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga.

Verkefnismarkmið: Að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni.

Lágmarksíbúafjöldi verði 250 frá almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2022, en 1.000 frá almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2026.

Ábyrgð: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélög.

Tímabil: 2020–2026.“

Boðað hefur verið að lögð verði fram lagafrumvörp til að fylgja eftir ofangreindri þingsályktun.

Af þessu leiðir að Dalabyggð er eitt þeirra sveitarfélaga sem þarf að vera búíð að klára það ferli fyrir kosningar 2026 að verða hluti af nýju sveitarfélagi sem telur a.m.k. 1000 íbúa.

Til þessa hafa ýmis óformleg samtöl farið fram, án allra skuldbindinga (má kannski segja að menn hafi verið að hugsa upphátt).

Dalabyggð á mörg nágrennasveitarfélög, má raunar segja að sveitarfélagið sé í miðjunni og þurfi að horfa til ýmissa möguleika, án þess að binda sig við gömlu landshlutamörkin þ.e. Vesturland, Vestfirði og Norðurland-vestra.

Margvíslegt samstarf er milli sveitarfélaganna á Vesturlandi. Borgarbyggð hefur sinnt félagsmálum (ásamt barnavernd og málaflokki fatlaðra) fyrir Dalabyggð. Eins hefur Dalabyggð átt mikið samstarf við Árneshrepp, Kaldrananeshrepp, Reykhólahrepp og Strandabyggð s.s. vegna skipulags- og byggingarmála, brunavarna, öldrunarmála o.fl.

Fimmtudaginn 12. mars verður málþing á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um sameiningarmál sveitarfélaga. Ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála mun taka þátt í málþinginu. Mikilvægt er að þátttaka fulltrúa í sveitarstjórnnum verði sem mest.

Sveitarstjóri átti þann 21. febrúar sl. fund í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu með Hermanni Sæmundssyni skrifstofustjóra og Guðna Geir Einarssyni sérfræðingi og staðgengli skrifstofustjóra. Þar kom fram að Dalabyggð getur fengið fjárframlag til að skoða undirbúning að sameiningu. Það kæmi í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Með umsókn um fjárframlag þarf að skila inn áætlun (verk og

fjárhags) til Jöfnunarsjóðs. Ráðuneytið benti á að Dalabyggð gæti hafið ferlið með því að gera valkostagreiningu á þeim möguleikum sem sveitarfélagið ætti/þyrfti að horfa til vegna sameiningar við önnur sveitarfélög.

Verði farið í valkostagreiningu væri vænlegast að Dalabyggð færi í vinnu með ráðgjafa (sem gæti tekið e-ð. fram á haustið) með stuðningi. Rétt væri að leita til nokkurra líklegra ráðgjafa og fá þeirra tilboð og hugmyndir um vinnslu verkefnisins. Hluti af því ferli væri íbúasamráð.

Tillaga:

Sveitarstjórn skipi þriggja manna starfshóp (t.d. tveir fulltrúar úr sveitarstjórn og sveitarstjóri). Starfshópurinn hefði umboð til samtals við nágrennasveitarfélög. Hann myndi útbúa áætlun og umsókn um fjárframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, velja ráðgjafa og vinna með honum að valkostagreiningu fyrir Dalabyggð. Starfshópurinn myndi leggja fram minnisblað um framvindu verkefnisins á öllum reglulegum fundum sveitarstjórnar Dalabyggðar. Starfshópurinn lyki störfum með því að niðurstöður valkostagreiningar yrðu lagðar fyrir sveitarstjórn. Stefnt yrði að því að það væri fyrir lok árs 2020.